



Félag eldri borgara Garðabæ

Garðabær 9. október 2019

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

B.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra

Ráðhúsi Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabær

Stjórn Félags eldri borgara í Garðabæ vill koma því á framfæri að félagið hefur stuðlað að aukinni hreyfingu meðal félagsmanna svo um munar. Öll leikfimi, sem Garðabær býður upp á er góðra gjalda verð, en það vantaði öðruvísi hreyfingu, sérstaklega fyrir yngri eldri borgara, og því brugðum við á það ráð að bjóða upp á zumba gold, línudans, stólajóga og dansleikfimi. Laun til leiðbeinenda á síðasta ári voru 1.115,000 kr. Styrkurinn frá Garðabæ nam 400,000 kr., sem við erum svo sannarlega þakklát fyrir, en í ljósi þess munar sem Félag eldri borgara á Álftanesi fær frá bænum þá finnst okkur munurinn heldur betur óhagstæður.

Núna eru það tæplega 200 félagar, sem stunda ofangreinda líkamsrækt og það munar svo sannarlega um það. Við biðjum því um endurskoðun á styrknum og það til hækkunar.

Í Félagi eldri borgara í Garðabæ er núna rúmlega 1500 félagar en á Álftanesi eru rúmlega 100.

Með góðum kveðjum og von um góðar undirtektir

F.h. stjórnar FEBG

Stefanía Magnúsdóttir formaður.

